

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um fjármögnun öryggissveita í Írak.

Frá Birgittu Jónsdóttur.

1. Hve miklum fjármunum hefur íslenska ríkið varið í þjálfunarverkefni NATO í tengslum við Írak? Fjárhæðin óskast sundurliðuð eftir árum og verkefnum.
2. Hvaða upplýsingar fengu íslensk stjórnvöld um það hvernig fjárframlögum í NTM-I-verkefnið yrði varið og í hverju þjálfun og störf öryggissveitanna fælust?
3. Er ráðherra kunnugt um efni heimildarmyndar Guardian og BBC um öryggissveitirnar frá 6. mars 2013 sem byggist m.a. á skjölum um Íraksstríðið sem birt voru á vef Wikileaks árið 2010?
4. Er ráðherra kunnugt um uppljóstranir á vef Wikileaks um starfsemi öryggissveitanna, þ.e. um:
 - a. rekstur öryggissveitanna á svokölluðum pyndingafangelsum í Írak,
 - b. að yfirmaður NTM-I-verkefnisins kom að uppbyggingu fangelsa, t.d. með ráðgjöf við uppsetningu,
 - c. að opinber stefna bandarískra yfirvalda og NATO hafi verið að bregðast ekki við grunsemdum og vitneskju um pyndingar í fangelsum öryggissveitanna,
 - d. að sjía-múslimar í Írak voru teknir inn í svonefndar SPC-sveitir, sem heyrðu undir fyrrnefnt NTM-I-verkefni, til að beita súnní-múslíma hörku í kjölfar uppreisnar-tilburða þeirra gegn Bandaríkjaher og veru NATO í landinu?
5. Hafa íslensk stjórnvöld brugðist á einhvern hátt við, eða hafa þau ráðgert að bregðast við, framkomnum upplýsingum um starfsemi öryggissveitanna sem Ísland tók þátt í að fjármagna? Hafa þau krafist skýringa innan NATO á þeim? Ef svo er, með hvaða hætti?
6. Telur ráðherra ásættanlegt að íslenska ríkið liggja undir ámæli fyrir að hafa tekið þátt í að fjármagna þjálfun öryggissveita sem hafa orðið uppvísar að afar grófum pyndingum, limlestingum og manndrápum?

Skriflegt svar óskast.